

Nd.

594. Tillaga

til þingsályktunar um varnir gegn ránskap og yfirgangi erlendra fiskimanna hjer við land.

Flutningsm.: Magnús Torfason.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að brýna fyrir foringjum varðskipanna að hafa sem nánastar gætur á hátterni erlendra fiskiskipshafna, Færeyinga og annara, í íslenskri landhelgi.

Ástæður.

Það hefir löngum verið kvartað undan því, að erlendir fiskimenn hafi gert usla í varplöndum og sellátrum hjer við land og farið ránshöndum um eignir hjerlandsmanna.

Nú á síðustu árum hafa Færeyingar legið á því laginu að skjóta sel í friðlýstum látrum kirkjujarðarinnar Vogshúsa í Selvogi, og því er þingsályktun þessi borin fram.